

76. Nefnd Verkalýðs- og sjómannafélags Stöðvarfjarðar. Aðsetur: Stöðvarfjörður, S-Múl. Staðfest 14. marz 1969.
77. Nefnd Verkalýðs- og sjómannafélags Djúpavogs. Aðsetur: Djúpivogur, S-Múl. Staðfest 14. marz 1969.

Félagsmálaráðuneytið, 14. marz 1969.

F. h. r.

Hjálmar Vilhjálmsón.

Gunnlaugur Þórðarson.

20. marz 1969.

Nr. 82.

AUGLÝSING

um breyting á auglýsingu frá 27. febrúar 1969 um sérstök veiðisvæði fyrir línu og net fyrir Suðvesturlandi.

1. gr.

Í stað orðanna „20. marz 1969“ í síðustu málsgrein 1. gr. auglýsingarinnar komi orðin: 15. apríl 1969.

2. gr.

Auglýsing þessi er sett samkvæmt lögum nr. 44 5. apríl 1948, um visindalega verndun fiskimiða landgrunnsins og lögum nr. 62 18. maí 1967 um bann gegn veiðum með botnvörpu og flotvörpu með síðari breytingum, sbr. reglugerð nr. 304 20. desember 1968 um leyfi til togveiða í fiskveiðilandhelgi Íslands, til þess að öðlast þegar gildi og birtist til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli.

Sjávarútvegsmálaráðuneytið, 20. marz 1969.

Eggert G. Þorsteinsson.

Gunnlaugur E. Briem.

21. marz 1969.

Nr. 83.

REGLUGERÐ

um fasteignaskatt í Hrunamannahreppi, Árnessýslu.

Fasteignaskatt samkvæmt 3. gr. laga nr. 51 10. júní 1964 skal innheimta með 200% álagi í Hrunamannahreppi.

Reglugerð þessi staðfestist hér með samkvæmt lögum nr. 51 10. júní 1964 5. gr. til þess að öðlast gildi þegar í stað og birtist til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli.

Félagsmálaráðuneytið, 21. marz 1969.

Magnús Jónsson.

Hjálmar Vilhjálmsón.